

Fundargerð

42. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, þriðjudaginn 25. ágúst 2020 rafrænt á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 41 frestað. Milli funda samþykktar „keppnisreglur“ tengt sóttvörnum. Samþykkt að vísa tillögu um 5.000 og 10.000 á braut í vinnslu.

2. Mótaskrá 2020

Enn á ný rætt um keppnishaldið 2020, mótahald síðustu vikuna í ágúst, sept. – okt., starfsmannahald og aðkomu áhorfenda í ljósi Covid. Frestanir ræddar í stóru myndinni m.a. á bikarkeppninni, skoðað með félögum. Lið að draga sig úr keppni fullorðinna, en vilji til að keyra unglingana. Niðurstaða að halda meistarmótið í 5.000 kvk og 10.000 kk á braut samhliða ársþinginu í Hafnarfirði. Starfsmönnum skrifstofu og formanni mótanefndar falið að koma fram með fullvaxna tillögu um lokakeppnishald rafrænt til stjórnar eins fljótt og mögulegt er í ljósi aðstöðu, keppnishaldara og keppenda.

3. Frjálsípróttaping haustið 2020

Sama staða með þingið, ekkert borist af gögnum frá félögum. Staðan þannig að fólk vill bíða eftir því hvernig Covid staðan er og verður. Ákveðið að keyra á að fresta fram til 2. okt. en um leið að taka mið af keppnishaldi sem eftir er af 2020. Ritara falið að heyra í Hafnfirðingum sem munu vista þingið. Tilkynna að því loknu.

4. Ímyndarmál FRÍ

Formaður greinir frá stöðu málsins og vinnu starfshópsins, allt er á réttri leið, en verið að skoða hvað þarf að keyra í loftið nú í haust. Starfshópnum falið að vinna áfram að málinu.

5. Önnur mál

- Þjóðarleikvangur. Ritari gerði grein fyrir samskiptum við mennta- og menningarmálaráðherra með að skipa starfshóp. Allt í farvegi en tímasetningar alltaf á flökkti.
- Fjármál. Gjaldkeri gerði grein fyrir fjármálum m.a. afreksúthlutun.
- Norðurlandamál 2020 og 2021. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir óvissu en um leið vilja frjálsípróttasambanda Norðurlanda að halda uppi stefnufestu. Allt er hins vegar skráðarasaumað efti stöðu dagsins, fer FRÍ og afreksípróttafólkið ekki varhluta af því. Rætt um að vera í góðu sambandi áfram við félagana á Norðurlöndum og fanga lausnir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:00 með því að afreksstjórinn ræddi um minningar og framtíð þ.e. Íslandsmetið sitt í sleggjukasti frá 1994 sem stóð í 13 ár og hann hefði á tilfinningunni að þessi vika yrði stór á mælikvarða Íslands í sleggjukasti. Nú myndu sleggjurnar fljúga.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.